



Grein birt 30. apríl 2012

Henry Alexander Henrysson og Elsa Haraldsdóttir

Heimspekikennsla á Íslandi

Væntingar, vonir og veruleiki

Í þessari grein er leitast við að varpa ljósi á stöðu heimspeki og gagnrýnnar hugsunar í íslensku skólakerfi. Höfundar fjalla stuttlega um gagnrýna hugsun og leitast við að svara því hvers vegna siðferðilegri kröfu um víðsýna og röklega skoðanamyndun verði best svarað með ástundun heimspekilegrar samræðu. Hugmyndir Íslendinga um stöðu heimspekinna eru ræddar með hliðsjón af könnun sem var gerð á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, árið 2006. Spurt er hverjar séu raunhæfar vonir og væntingar um eflingu gagnrýnnar hugsunar og siðfræði í íslenskum skólum.

Henry Alexander Henrysson er verkefnisstjóri við Heimspekistofnun Háskóla Íslands og Elsa Haraldsdóttir er meistaranemi í heimspeki við Háskóla Íslands.

Philosophy in Icelandic Schools: Expectations, Hopes and Reality

This paper seeks to identify and explain the status of philosophy and critical thinking in the Icelandic school system. It begins with a brief discussion on critical thinking, followed by an analysis of why the demand for rational decision making is both ethical and best answered through philosophical dialogue. Ideas among Icelanders about the status of philosophy are also discussed based on a survey conducted by UNESCO in 2006. To conclude, the authors outline realistic hopes and expectations for the promotion of critical thinking and ethics in Icelandic schools. Henry Alexander Henryson is project manager at the Institute of Philosophy, University of Iceland and Elsa Haraldsdóttir is a graduate student in philosophy at the University of Iceland.

Gagnrýnin hugsun

Við þurfum stöðugt að laga okkur að nýjum aðstæðum og áskorunum. Fjölmargar ástæður geta verið fyrir því að viðbrögð okkar eru ekki alltaf þau sem þau ættu að vera. Algengt að við sannfærum okkur sjálf um að nóg hafi þegar verið gert og áskorunum hafi þegar verið mætt. Við leitum þá í öryggi þess sem við teljum okkur þekkja í stað þess að rísa undir kröfum eða standa undir væntingum. Ein ástæðan er sú að við hræðumst hraðann í samtímanum. Okkur finnst við ekki hafa undan að taka afstöðu til allra þeirra nýju upplýsinga sem stöðugt skella á okkur. Og bregðumst því ekki við. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að furðu fátt nýtt er að finna í umhverfi okkar. Frétta- og dægurmálaumfjöllun snýst gjarnan um það sem aðrir fjalla um. Hraðinn er ekki í öðru en endurtekningunni. Hlutir og frásagnir hanga lengi í loftinu og mörg áhugaverð atvik, athyglisverðar hugmyndir og ný sjónarhorn ná ekki í gegnum alla þá ímyndasmíð sem myndar samtímann.

Veruleikinn er þeirrar gerðar að sá eða sú sem ætlar sér að öðlast heildstæðan skilning á honum þarf að velta fyrir sér mörgum hliðum hans. Veruleikinn er í raun allt það sem við fáum svo afskaplega litlu ráðið um. En hann felst ekki bara í rúmfræðilegum og eðlisfræðilegum lögmálum um tiltekna efnisþætti. Hann er einnig, svo tvö dæmi séu tekin, bæði hagrænn og siðferðilegur. Hagfræði og siðfræði sem byggja á þessari hugsun hafa þó ekki alltaf átt upp á pallborðið. Hver sá sem hefur reynt fyrir sér í fræðilegri hugsun hefur rekið sig á að auðveldara er að fíkta í einfaldri hugmynd um veruleikann en fræðilegri sýn á heiminn. Hentugast sé að skapa sannfærandi mynd sem er eftirsóknarverð og áhugaverð í sínu innra samhengi. Tilraunir til þess að skoða allar hliðar tiltekins máls eru erfiðari við að eiga og mörgum okkar framandi. Við höfum þá ekki þroskað með okkur þá þekkingu og leikni að mynda okkur skoðanir í samræmi við samhengi hlutanna; við könnumst hvorki við viðeigandi gögn og rök né viljum athuga mögulegar afleiðingar þess sem við sannfærumst um. Og höfum þar af leiðandi ekki tileinkað okkur gagnrýna hugsun.

Siðfræði

Vestræn hugsun hafði ekki tekið mörg skref út úr skugga goðsagna þegar fram komu menn sem töldu það mesta óþarfa að hafa annað að leiðarljósi en það sem kemur einstaklingum vel. Hinir svokölluðu sófistar sem uppi voru á fimmtu öld fyrir Krist gerðu það beinlínis að dygð að skoða hvorki allar hliðar mála né hugsa mál til enda. Heildstæður skilningur á veruleikanum átti einungis heima í náttúruvísindum. Örfáar kynslóðir heimspekinga höfðu reynt að setja fram kenningar um eðli og samsetningu veruleikans þegar hér var komið sögu en þeir höfðu haft fátt að segja um hlutverk og hegðun mannsins innan þessa veruleika. Sófistarnir svöruðu kallinu eftir því að þessi staða væri útskýrð og þetta hlutverk yrði dregið fram. En því sem næst samtímis steig fram heimspekingur, Sókrates að nafni, sem áttaði sig á því að raunverulegt svar krefðist rannsóknar á veruleika mannlegs lífs fremur en hugmyndaauðgi; mannlífið sjálft yrði að vera viðfang heimspekinnar líkt og hin ytri náttúra. Og siðfræðin varð til.

Siðfræðin byggir á rökræðu um allar hliðar mannlegrar tilveru. Og hún snýst um tvenns konar frelsishugtak. Annars vegar snýst hún um hvort og hvernig við getum, sem skynsemisverur, brotist undan frumstæðustu hvötum okkar og öðlast frelsi. Ef við erum ekki aðeins hvatvís dýr getum við valið að vera siðferðilega ábyrgar verur. Fjölmargir heimspekingar hafa í aldanna rás gert þessa hugsun að leiðarstefi sínu. Halda má því fram að ekkert neyði okkur til þess að haga okkur eins og manneskjur. Mannleg hegðun hljóti alltaf að grundvallast á vali. Og síðari skilningurinn á frelsishugtakinu tengist einmitt þessu vali. Frelsið felist í því að geta hugsað sjálfstætt um tiltekin efni. Menntahugsjón Vesturlanda ætti að byggja á þessu. Skólagöngu ætti að ljúka með því að hver og einn læri að nálgast viðfangsefni sem hann eða hún hefur valið sér á gagnrýninn hátt. Hver og einn verður að hafa til að bera hæfni til þess að ígrunda mismunandi hliðar hvers máls. Fólk sem hefur tileinkað sér þá hæfni hefur meira að leggja til samfélagslegrar umræðu.

Samræða

Sú heimspeki sem þróaðist sem svar við sófismanum byggði á samræðu. Rökhugsun kann að hafa verið komin fram en gagnrýnin hugsun dró fyrst andann í þróttmiklum rökræðum. Þar liggja rætur raunverulegrar menntunar. En það getur verið erfitt að gera sér grein fyrir rótum sínum. Það er sama hvaða grein er kennd, freistingarnar eru margs konar og fyrir þeim er auðvelt að falla. Kennslufræðilegir lestir eru einkum af tvennum toga. Fyrri gerðina má tengja við merkasta kennslutæki allra tíma: *bókina*. Bækur eru ekki af hinu illa en geta leitt kennara á villigötur. Það er lítil dygð að rígbinda sig við þær í kennslu. Hið skrifaða orð geymir og miðlar upplýsingum fyrst og fremst. Þekking höfundar (ásamt tilfinningum og viðhorfum) skilar sér misvel til lesenda en jafnvel í bestu tilfellum eykst hæfni nemenda tæplega mikið nema efnið sé tekið til lífandi umfjöllunar þar sem ekki er einblínt á eina hlið

hvers máls. Það er rétta leiðin til þess að vinna úr þeim upplýsingum sem við teljum að eigi erindi til nemenda. Gagnrýnin hugsun býr í öllum kennslugreinum. Þótt hún sé *heimspekileg* þá eiga allar greinar hana sameiginlega enda eiga þær allar uppruna sinn henni að þakka. Nemendur eiga að fá þjálfun í henni í hvert sinn sem þeir takast á við nýjar upplýsingar.

Seinni lösturinn tengist í raun kennslu og menntun ekki sérstaklega en birtist þó þar eins og annars staðar. Þar er átt við hugleysi. Það hugleysi að hætta sér ekki út í *heimspekilegar* samræður við nemendur sína getur valdið miklum skaða. Það er gríðarleg freisting að forðast algjörlega samfélagsleg hitamál, fræðileg álitamál og heit tilfinningamál. Jafnvel vönduðustu rökræður geta leitt til verulegs uppnáms. En það réttlætir ekki að nemendur fái ekki bráðnaðsynlega þjálfun í að takast á við slík mál.

Kennurum til varnar má þó segja að báðar ofangreindar áskoranir eru ekki alfarið á þeirra ábyrgð. Yfirvöld menntamála hljóta að deila henni. Sárafaír kennarar hafa farið í gegnum menntakerfi þar sem heimspækileg samræða er í öndvegi í stað þess að henni bregði fyrir öðru hverju í mýflugumynd. Gagnrýnin hugsun þarf að smitast út í allar greinar líkt og upplýsingatækni á undanförunum áratugum. Í henni felast bæði tækni og afstaða.

Heimspækikennsla á Íslandi árið 2006

Hér í upphafi var rætt um ímyndasmíð. Fyrir nokkrum árum voru Íslendingar uppteknir við fátt annað. Það skipti litlu máli hvort við værum almennilegt fólk, spurningin var hvað annað fólk – helst langt í burtu – héldi um okkur. Við vorum þar með búin að koma okkur í þá sérkennilegu stöðu að hafa varpað frá okkur skyldunni til þess að hafa viðeigandi og haldbær rök fyrir skoðunum okkar. Við gerðum ekki einu sinni slíka kröfu til annarra. Um tíma virtist það samdóma álit mikils metins fólks að ímynd mismunandi sviða íslensks þjóðlífs væri mikilvægari heldur en hvar við vorum raunverulega stödd. „Mikilvægt er að tryggja að Ísland verði áfram ‚best í heimi‘,“ sagði á einum stað þegar rætt var um ímynd Íslands (Nefnd forsætisráðherra um ímynd Íslands, 2008, bls. 5) og svipað viðhorf hefur eflaust litað afstöðu til heimspækikennslu í íslenskum skólum.

Árið 2007 gaf Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, út skýrslu undir heitinu *Philosophy: a School of Freedom – Teaching philosophy and learning to philosophize: Status and Prospects* sem fjallaði um þróun og stöðu heimspækikennslu víðsvegar í heiminum. Eins og kemur fram í inngangsorðum skýrslunnar þá var tilgangur hennar ekki eingöngu að sýna stöðu heimspækikennslu í heiminum heldur átti hún að nýtast hverjum þeim sem hefði áhuga á að efla veg heimspækikennslu (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization: Social and Human Sciences Sector [UNESCO], 2007, bls. ix). Skýrslan er mjög ítarleg og er henni er skipt í fimm meginkafla. Fyrstu fjórir kaflarnir fjalla um heimspeki á fjórum mismunandi sviðum; heimspeki á leik- og grunnskólastigi; heimspeki á unglingsstigi; heimspeki á háskólastigi og að lokum heimspeki í samfélaginu. Fimmti og síðasti kafli fjallar hins vegar um könnun stofnunarinnar um stöðu og viðhorf til heimspækikennslu víðsvegar í heiminum.

Fimmti kafli skýrslunnar er sérstaklega áhugaverður. Kafli ber heitið *The teaching of philosophy as revealed by UNESCO's online self-administered survey* og fjallar um framkvæmd og niðurstöður könnunar sem stofnunin gerði árið 2006. Markmið könnunarinnar var eins og áður sagði að varpa ljósi á stöðu og framtíð heimspeki í skólum. Aðstandendur könnunarinnar reyndu að nálgast hóp þátttakanda með því að mynda tengslanet í hverju aðildar- og samstarfsríki Menningarmálastofnunarinnar fyrir sig. Hvert ríki lagði fram lista yfir þá aðila eða stofnanir sem viðfangsefni könnunarinnar varðaði, bæði innan opinberrar stjórnsýslu og háskólasamfélagsins. Að lokum unnu aðstandendur könnunarinnar endanlegan lista yfir einstaklinga sem boðið var að taka þátt í könnuninni en í ljósi

umfangs könnunarinnar og fjölbreytileika í menntakerfum á milli landa var lögð áhersla á að hópurinn væri sem fjölbreytilegastur (UNESCO, 2007, bls. 198). Könnunin var send út rafrænt og í heildina var svörunin 60%, minnst 51% í Asíu en mest 89% í Evrópu (UNESCO, 2007, bls. 201).

Eitt af markmiðum könnunarinnar var að sýna hvar heimspeki væri kennd, á hvaða skólastigum og í hvaða mæli. Samkvæmt niðurstöðum hennar var heimspeki einungis hluti af almennu starfi grunnskóla í Írak, Noregi, Ástralíu, Hvíta-Rússlandi, Brasilíu, Úsbekistan og Úkraínu eða samtals í 7 löndum af 126. Á framhaldsskólastigi var heimspeki kennd í 73 löndum af 126 en lang oftast var heimspeki kennd í háskólum eða í 106 löndum af 126 (UNESCO, 2007, bls. 213). Þessar niðurstöður koma ef til vill ekki á óvart en áhugavert er að sjá hvaða lönd það eru sem kenna heimspeki í grunnskólum og hversu víða þau dreifast, þau reynast vera í fjórum heimsálfum af sjö.

Það er sérstaklega áhugavert að yfir 83% íslenskra svarenda töldu stöðu heimspekikennslu á Íslandi vera viðunandi eða afbragð (UNESCO, 2007, bls. 216). Aftur á móti töldu aðeins 33–51% svarenda í Noregi heimspekikennslu þar vera viðunandi eða afbragð. Þetta er merkilegur munur í ljósi þess að heimspekikennsla var þá og er í dag mun stærri þáttur í skólakerfinu í Noregi en á Íslandi. Mögulega hafa íslenskir svarendur byggt svör sín á viðhorfum þeirra til heimspekikennslu á Íslandi sem þá var til staðar (og þá á framhalds- og háskólastigi) en norskir svarendur frekar byggt á væntingum sínum til heimspekikennslu og þá haft meiri metnað fyrir hönd heimspekinnar sem kennslugreinar í grunnskóla. Ekki er þó hægt að segja til um með vissu hvort norskir svarendur hafi verið að hugsa um kennslu á háskólastigi eða grunnskólastigi. Rússland, Danmörk, Ástralía, Bretland, Þýskaland, Malí, Eþíópía, Úsbekistan og Kólumbía svöruðu á sama hátt og Ísland. En Kína, Indland og Frakkland gáfu svipaða mynd af stöðu heimspekinnar og Noregur (UNESCO, 2007, bls. 216).

Þegar spurt var um eflingu heimspekikennslu í viðkomandi landi svöruðu íslenskir svarendur fjórum spurningum af fjórum játandi. Spurningarnar voru eftirfarandi:

Eru til staðar verkefni á vegum stofnana í þínu landi sem hafa það að markmiði að efla/bæta heimspekikennslu?

Er einhver reynsla af innleiðingu heimspekikennslu á leikskólastigi í þínu landi?

Stendur til að innleiða heimspekikennslu á grunnskólastigi í þínu landi innan skamms?

Er innleiðing á heimspekikennslu á framhaldsskólastigi fyrirhuguð innan skamms? (UNESCO, 2007, bls. 220).

Aðeins finnskir og íraskir svarendur voru svo bjartsýnir að þeir svöruðu öllum fjórum spurningunum játandi líkt og þeir íslensku. Þrem spurningum af fjórum svöruðu Rússland, Kína, Noregur, Bretland, Brasilía, Bólvía, Kólumbía, Ghana og Laos játandi (UNESCO, 2007, bls. 220). Niðurstöður skýrslunnar eru því nokkuð áhugaverðar og má velta fyrir sér hvaða áhrif það hafi haft á svör landanna að skýrslan var unnin af UNESCO og að hún yrði birt. Hvaða máli skipta niðurstöðurnar fyrir ímynd landanna? Hvaða svör eru hagsmunatengd og hver þeirra hugmyndafræðilegs eðlis?

Staða heimspekinnar í dag

Ef við skoðum niðurstöðurnar í jákvæðu ljósi og teljum að svarendur hafi alls ekki ætlað að blekkja einn né neinn og þeir hafi reynt að tjá væntingar sínar fremur en raunsætt mat

árið 2006, þá er kannski ekki úr vegi að spyrja að nýju um stöðuna eins og hún er núna og í framhaldinu um raunhæfar væntingar til stöðu heimspækikennslu í grunnskólum á Íslandi á næstu árum. Staðan er í sem stystu máli sú að þar sem heimspæki er að finna er hún undantekningarlaust kennd að frumkvæði einstakra kennara og skólustjórnenda í hverjum skóla fyrir sig. Heimspæki hefur ekki verið að finna sem námsgrein í aðalnámskrá grunnskóla þótt hún sé kennd sem námsgrein í nokkrum grunnskólum og þá einna helst á unglingastigi. Í nýútgefnum almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er þó að finna ýms heimspækileg markmið og er þar lögð áhersla á eflingu gagnrýnnar hugsunar og siðfræði. Siðfræði er talin ein af undirgreinum heimspæki en í viðmiðunarstundaskrá nýju námskrárinnar telst siðfræði *ásamt* heimspæki hluti af samfélagsgreinum. Af leik- og framhaldsskólum er það að segja að heimspækilega aðferðafræði má greina í all mörgum leikskólum og í framhaldsskólum er heimspæki kennd sem námsgrein, oftast sem tveir eða þrír valáfangar.

Ef við berum stöðuna saman við nágrannalöndin þá er heimspæki sem hluti af almennu skólastarfi lengst á veg komin í Noregi og þar á eftir í Finnlandi. Í báðum þessum löndum er heimspæki hluti af aðalnámskrá grunnskólans og heimspækileg aðferðafræði að ryðja sér til rúms í kennaranámi. Í Danmörku hefur verið unnið margvíslegt þróunarstarf með heimspæki í skólum í gegnum árin og hefur heimspækileg aðferðafræði átt meira upp á pallborðið eftir auknar áherslur á lýðræðismentun í skólastarfi. Í Svíþjóð var unnið ítarlegt rannsóknarstarf á kostum og göllum heimspækikennslu í grunnskólum á tíunda áratug síðustu aldar en sú rannsókn er enn í fullum gangi. Þar er jafnframt verið að vinna að stofnun grunnskóla sem hefur heimspækilega aðferðafræði að aðalmarkmiði.

Í Bandaríkjunum á heimspækikennsla með börnum og unglingum sér langa sögu, allt aftur á miðja síðustu öld, með Matthew Lipman og IAPC eða Institute for the Advancement of Philosophy for Children í fararbroddi. Í Bretlandi hafa verið gerðar rannsóknir á heimspæki með börnum og þar í landi er að finna margar stofnanir, samtök og einstaklinga er hafa það að markmiði að efla veg heimspékkinnar í skólum. Hluti af starfi þeirra hefur verið að krefja yfirvöld menntamála um innleiðingu heimspæki sem námsgreinar í aðalnámskrá grunnskólans.

Veruleiki heimspékkinnar

Staða heimspékkinnar í íslensku skólastarfi er fremur döpur þrátt fyrir velvilja margra í ræðu og riti. Nú er þó svo komið að við getum jafnvel rætt um einhvers konar kröfu í þessu sambandi. Áttunda bindið í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis benti á hvernig þekkingarfræðilegar og siðfræðilegar kröfur til vísindastarfs eru að verulegu leyti samofnar (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010, bls. 217–218). Sú ábending hefur leitt til þess að átta þingmenn á Alþingi hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að heimspæki verði gerð að skyldufagi á grunn- og framhaldsskólustigi innan fjögurra ára. Í almennum hluta *Aðalnámskrár grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 25–26) kemur svo skýrt fram hvernig ráðuneyti menntamála lítur á gagnrýna hugsun og eflingu siðgæðisvitundar sem grunnstoð í íslensku menntakerfi. Margt af því sem rætt hefur verið um þessi mál að undanfögnu byggir þó á vissum miskilningi á hlutverki og möguleikum heimspékkinnar. Siðfræði getur til að mynda ekki bætt siðgæði nemenda ef kennarar og nemendur gera sér ekki grein fyrir að sem fræðigrein krefst hún skuldbindingar um gagnrýna hugsun og heimspækilega rökræðu.

Almennari skilningur á því hvað heimspækikennsla og heimspækileg samræða getur snúist um virðist því (hversu þversagnarkennt sem það kann að hjóma) velta á því að ímynd heimspékkinnar styrkist á næstunni. Öðruvísi kemst hún ekki almennilega á dagskrá. Og þá skiptir mestu að falla ekki í þá augljósu freistingu að lofa upp í ermina á sér eins og það heitir á góðri íslensku. Það er ekki dæmi um vandaða og gagnrýna hugsun að dæma

alla ímyndasmíð sem eitthvað slæmt og haga smíð sinni í samræmi við það. Hún getur fallið að veruleikanum ef við erum athugul á allar hliðar hans. Það þarf að efla kennslu í gagnrýnni hugsun og siðfræði á öllum skólastigum. Ekki vegna þess að þar með verði öll siðferðileg vandamál og að lokum samfélagsleg hitamál brátt úr sögunni. Það þarf að efla þessa kennslu *þrátt fyrir* og *vegna þess* að þessi vandamál verða jafn mikill hluti veruleikans eftir sem áður. Spurningin er hvort við getum greint og rætt þessi vandamál á vitiborinn hátt.

Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Sótt 22. febrúar á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>

Nefnd forsætisráðherra um ímynd Íslands. (2008). *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna*. Sótt 22. febrúar á vef Forsætisráðuneytisins, http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsaetisr_arsskyrsla_END2.pdf

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization: Social and Human Sciences Sector (UNESCO). (2007). *Philosophy: a School of Freedom – Teaching philosophy and learning to philosophize: Status and prospects*. Paris: UNESCO Publishing.

Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*. Rannsóknarnefnd Alþingis.

Ítarefni

Höfundar benda áhugasömum um annað lesefni um þessi málefni að kynna sér nokkuð ítarlega greinaskrá á vefslóðinni https://gagnrynihugsun.hi.is/?page_id=761.



Henry Alexander Henrysson og Elsa Haraldsdóttir. (2012). Heimspekikennsla á Íslandi: Væntingar, vonir og veruleiki. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/004.pdf>